



UMSK

Þinggerð 2004



80 ársbing UMSK
26. febrúar 2004



þinggerð 80. ársþing UMSK
Haldið í Hákoní digra, félagsaðstöðu HK í Kópavogi
26. febrúar 2004

þingsetning

Valdimar Leó Friðriksson, formaður UMSK setti þingið. Í setningarávarpi sínu fór hann yfir starfsemi UMSK og rakti helstu viðburði ársins. Ásamt því sem á döfinni er hjá sambandinu, í máli hans kom m.a. fram að UMSK átti 90 keppendur á Unglingalandsmóti sem haldið var á Ísafirði um verslunarmannahelgina. Á komandi sumri er stefnt að því að sigra Landsmót UMFÍ sem haldið verður á Sauðárkróki og er undirbúnin gur undir mótið kominn vel á veg.

Hann fór yfir komandi Landsmót 2007 sem úthlutað hefur verið til UMSK og halda á í Kópavogi.

Þá hvatti Valdimar aðildarfélögini til að gera samstarfssamninga við sveitarfélögum um fjármögnun til daglegs reksturs barna- og unglingsstarfs.

Kosning fyrsta og annars þingforseta

Valdimar Leóbar upp tillögu um Guðjón Jónsson sem fyrsta þingforseta og Pál Aðalsteinsson sem annan þingforseta.

Tillagan var samþykkt með lófataki

Kosning þingritara

Guðjón Jónsson tók þegar til starfa og þakkaði traustið, hann greind frá því að hann hefði gengið úr skugga um að þingið hefði verið boðað með lögmaðum hætti og teldist því löglegt, því næst bar hann upp tillögu um Ómar Geir Þorgeirsson og Sævar Kristjánsson sem þingritara.

Tillaga um þingritara var samþykkt samhljóða

Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar

Þingforseti bar upp tillögu um að Björg Jakobsdóttir, Árni Halldórsson og Hlynur Guðmundsson mundu starfa í kjörbréfanefnd.

Tillagan var samþykkt samhljóða

Skýrsla stjórnar lögð fram

Valdimar las yfir skýrslu stjórnar, sem lá frammi prentuð hjá þingfulltrúum.

Endurskoðaðir reikningar lagðir fram

Reikningar voru lagðir fram af Alberti H.N. Valdimarssyni. Hann gerði grein fyrir reikningunum í stórum dráttum. Tekjur sambandsins voru 27.521.354 en gjöld upp á 27.685.306, fjármagnstekjur voru 300.024 og var því tekjuafgangur upp á 136.072.

Að öðru leiti vísast til reikninga sem prentaðir höfðu verið í framlagðri skýrslu.

Ávörp Gesta

Eftir yfirferð reikninga var komið að ávörpum gesta á þinginu. Fyrst tók til máls Sigríður Jónsdóttir varaformaður ÍSÍ. Hún flutti kveðju Ellerts B. Schram forseta ÍSÍ. Óskaði hún UMSK til hamingu með að hafa fengið úthluta landsmóti UMFÍ 2007. Hnykti hún á glæsilegu íþróttafólki UMSK sem tilnefndir voru til íþróttamanns ársins. Þá minntist hún sérstaklega á Kvennahlaupið í Garðabæ sem haldið verður í 10 skipti í sumar. Greindi hún frá helstu liðum í starfi ÍSÍ og undirstrikaði hún veitingu styrkja, nefndi sérstaklega þjálfunarstyrki. Hún kom inn á útbreiðsluverkefni ÍSÍ "Ísland á iði" sem hefur verið í gangi síðan 2002. Einnig nefndi hún handbókina "Fyrirmynndarfélag ÍSÍ" og mikilvægi þess til að hafa áhrif á stjórnvöld. Íþróttasjóður ríkisins bar á góma og mikilvægi þess að fylgjast með honum, á netinu er hægt að fá nánari upplýsingar um sjóðinn. Að lokum þakkaði hún samstarfið á liðnu ári og lýsti yfir tilhlökkun með það næsta.

Björn Jónsson formaður UMFÍ tók næstur til máls og byrjaði á að þakka fyrir góða skyrslu. Hann fullvissaði þingið um að stjórn UMFÍ treysti UMSK fullkomlega til að halda glæsilegt landsmóti á 100 ára afmælisári UMFÍ. Björn minnti á að það væri líka móttísumar og að honum þætti gaman að heyra að UMSK ætti sér sigur á mótinu.

Unglingalandsmót er líka á dagskránni í sumar, en um er að ræða fjölskyldumót um verslunarmannahelgina sem hefur mikil forvarmargildi. UMFÍ er með gönguverkefni í gangi og búsun dir tóku þátt og skráðu sig í bækur á fjallstopnum víða um land á síðasta ári. Björn fór yfir verkefnið og hrósaði mjög samningi sem hefur verið gerður við Landmælingar í því sambandi.

Björn nefndi nokkra sjóði sem hafa reynst drjúgir fyrir UMFÍ, t.d. Pokasjóður, hann sagði að Valdimar Gunnarsson starfsmaður á skrifstofu UMSK hefði orðið mikla reynslu í að sækja fé í sjóði. Björn sagði frá nýbyggingu félagsins í Þrastarlundi og tjáði viðstöddum að Þrastarskógr var fallegur skógr og hvatt þingfulltrúa til að nýta sér þennan sælureit.

Björn hrósaði hópnum sem starfaði að málefnum UMSK og vildi helst verðlauna alla. Þó yrði hann að gera upp á milli og kallaði fram Ingibjörgu Bergrósu Jóhannesdóttur og sæmdi hana starfsmerkni UMFÍ.

Una María Óskarsdóttir formaður ÍTK tók næst til máls. Talaði afar fallega um ungmennafélagshreyfinguna og það starf sem þar hefur verið og er unnið. Þakkaði stjórn UMFÍ fyrir að úthluta Landsmóti UMFÍ 2007 í Kópavog. Tók sérstaklega fram að haga yrði móttísumar þannig að mögulegt væri fyrir Sigurð Geirdal, bæjarstjóra sem á árum áður var framkvæmdastjóri UMFÍ að taka þátt. Una kvaðst hafaalist upp á Laugum í Þingeyjarsýslu og hrósaði happyr fyrir ungmennafélagsuppeldið sem hún hlaut þar. Una María óskaði að lokum UMSK velfamaðar sem og öllum þingfulltrúum.

Álit kjörbréfaneftndar

Björg Jakobsdóttir kynnti álit nefndarinnar. Hjá Björgu kom fram að 26 sambandsaðilar væru að UMSK, 11 hefðu skilað kjörbréfum en 15 hefðu því ekki skilað. Fulltrúarnir voru lesnir upp og voru alls 53 fulltrúar mættir.

Þeir voru:

Grótta

Hildur Jóhannesdóttir

Nesklúbburinn

Jón Ásgeir Eyjólfsson

Árni Halldórsson

Kristján Georgsson

Tennisfélag Kópavogs

Hafsteinn Dan Kristjánsson

Gerpla

Kristján Erlendsson

Jón Finnbogason

Heimir Gunnarsson

Ólafur Kristjánsson

Breiðablik

Böðvar Örn Sigurjónsson

Þórður St. Guðmundsson

Magnús Jakobsson

Eysteinn Haraldsson

Alda Helgadóttir

Jón Heiðar Guðmundsson

Björg Jakobsdóttir

Hildur Ástþórsdóttir

Ester Jónsdóttir

HK

Þorsteinn Einarsson

Sigurjón Sigurðsson

Kristinn Gunnarsson

Ómar Geir Þorgersson

Guðjón Jónsson

Vilborg Guðmundsdóttir

Halldór Valdimarsson

Jón Jörundsson

Stefnir Helgason

Ýmir

Guðrún Helga Ólafsdóttir

Jóhann Thorsteinsson

Magrét Björnsdóttir

Gustur

Sævar Kristjánsson

Bjarnleifur Bjarnleifsson

Hvönn

Hafsteinn Örn Guðmundsson

Friðrik Björnsson

Stjarnan

Páll Grétarsson

Anna r. Möller

Pálína Hinrikssdóttir

UMFB

Kristján Sveinbjörnsson

Bjarni Ragnarsson

Afturelding

Ingibjörg B. Jóhannesdóttir

Lárus Eiríksson

Anna Þóra Stefánsdóttir

Guðrún Markúsdóttir

Þorsteinn Sigvaldason

Örnólfur Örnólfsson

Herdís Eyjólfssdóttir

Hlynur Guðmundsson

Hafsteinn Pálsson

Kjölur

Haukur Hafsteinsson

Hilmar Harðarson

ÍAK

Elísabet Hannesdóttir

Álit kjörbréfaneftndar var samþykkt samhljóða

Staðfesting á aðild nýrra félaga

Þingforseti bar upp við þingið aðild þriggja nýrra félaga sem sótt höfðu um aðild.

Keilufélagið Keila (KFK) var stofnað 1. febrúar 2004. Heimili og varnarþing KFK er í Bessa-staðahreppi og er tilgangur félagsins að halda úti liðum í deildarkeppni KLÍ og kynna íþróttina fyrir almenningi.

Hvíti Riddarinn var stofnaður 27. janúar 2004 en sömu aðilar og stóðu að stofnun þess hafa haldið úti liði með sama nafni í utandeildarkeppninni undanfarin ár. Nú hafa þeir ákveðið að skrá sig til keppni í Bikarkeppni KSÍ og þarf félagið því að vera með aðild að íþróttahreyfingunni.

Skylmingafélag Seltjarnarness var stofnað í apríl 2003. Heimili þess og varnarþing er á Seltjarnarnesi og er markmið félagsins m.a. að iðka skylmingar og glæða áhuga almennings á þeim.

Aðild þessara félaga var samþykkt samhljóða

Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

Orðið var því næst gefið laust um skýrslu stjórnar og reikninga. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Atkvæðagreiðsla um reikninga

Þingforseti bar því næst reikninga sambandsins fyrir árið 2003 upp til atkvæða.

Reikningarnir voru samþykktir samhljóða

Þinghlé

Sigurður Geirdal kvaddi sér hljóðs í þinghléi. Þakkaði boðið á þingið og flutti kveðju bæjarstjórnar Kópavogs. Hann bauð fulltrúa velkomna í Kópavog og fór fögrum orðum um íþróttu- og ungmannafélagshreyfinguna. Þá ræddi hann um komandi Landsmót UMFÍ sem halda á í Kópavogi 2007. Sigurður kvaðst afar ánægður með þá ákvörðun og ætlað Kópavogi stóra hluti á í mótsaldinu. Sigurður Geirdal óskaði því næst þinginu farsældar í störfum og bauð þingfulltrúum að þiggja léttann kvöldverð í boði Kópavogsbæjar.

Veittar voru eftirfarandi heiðursviðurkenningar á meðan matarhléi stóð:

Félagsmálaskjöldur UMSK:

Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Aftureldingu

Dansbíkar UMSK:

Ísak N. Halldórsson og Helga Dögg Helgadóttir, Hvönn

Fimleikabikar UMSK:
Sif Pálsdóttir, Grótta

Frjálsíþróttabikar UMSK:
Jón Arnar Magnússon, Breiðablik

Sundbikar UMSK:
Arnar Felix Einarsson, Breiðablik

Skiðabikar UMSK:
Sindri Már Pálsson, Breiðablik

UMFÍ-bikarinn:
Meistarfl. karla í blaki, Stjarnan

Afreksbikar UMSK:
Birgir Leifur Hafþórsson, GKG

Starfsmerki
Sigurjón Sigurðsson, HK
Jón Jörundsson, HK
Jóna Pálsdóttir, Breiðablik
Elísabet Hannesdóttir ÍAK

Hilmar Sigurgíslason, HK
Margrét Pétursdóttir, Grótta
Árni Halldórsson, NK
Friðrik Björnsson, Hvönn

Silfurmerki
Þorsteinn Einarsson, HK
Víðir Sigurðsson, HK

Gunnar Guðmundsson íþróttafulltrúi í Kópavogi kynnti næst drög að skipulagi á Landsmóti 2007.

Skipað í nefndir til starfa á þinginu
Að þinghléi loknu var gengið til dagskrár. Þingforseti lagði til að eingöngu væri kosin kjörnefnd en mál þau sem lágu fyrir þinginu yrðu afgreidd beint í stað þess að skipa þeim í nefndir.

Samþykkt samhljóða

Borin var fram tillaga um að Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Páll Grétarsson og Þorsteinn Einarsson mundu starfa í kjörnefnd.

Samþykkt samhljóða

Fjárhagsáætlun lögð fram

Birgir Ari Hilmarsson lagði fram þingskjal nr. 1 fjárhagsáætlun fyrir árið 2004.

Fjárhagsáætlun 2004**Rekstrartekjur:**

Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	1.300.000
Lottó UMFÍ og ÍSÍ	23.000.000
Greiðsla frá UMFÍ	750.000
Skattar aðildarfélaga	700.000
Getraunir	800.000
Tjaldleiga	500.000
Aðrar tekjur	350.000
Alls	27.400.000

Rekstrargjöld:

Skrifstofa og rekstur	4.800.000
Þing og sérráð	450.000
Lottó til aðildarfélaga	17.600.000
Afreksmannasjóður	1.950.000
Skattur til UMFÍ	300.000
Gjafir og viðurkenningar	150.000
Kostn. v/ héraðsmóta	350.000
Kostnaður v/landsmóta	1.800.000
Alls	27.400.000

Aðrar tillögur lagðar fram**Þingskjal nr. 2**

80. Ársþing UMSK... þakkar sveitarstjórnarmönnum fyrir góðann stuðning við íþróttastarf á sambandssvæðinu. Jafnframt minnir þingið á hið mikla forvarmargildi sem íþróttastarf hefur.

Þingskjal nr. 3

80. Ársþing UMSK... samþykkir að skattar aðildarfélaganna verði kr. 40 á félagsmenn 16 ára og eldri og kr. 10 á félagsmenn yngri en 16 ára.

Þingskjal nr. 4

80. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögini til að móta sér skýra forvarnarstefnu ásamt því að vinna skipulega gegn einelti.

Þingskjal nr. 5

80. Ársþing UMSK... hvetur félagsmenn til almennrar þátttöku í 24. Landsmóti UMFÍ og 7. Unglingalandsmóti UMFÍ sem haldin verða á Sauðárkróki í sumar.

Þingskjal nr. 6

80. Ársþing UMSK... fagnar því að Kópavogur var valinn sem mótsstaður fyrir 25. Landsmót UMFÍ.

Önnur mál

Eysteinn Haraldsson tók til máls og hvað þingið vera stutt og fáir sem taki til máls. Þá fór hann yfir starfsemi UMSK og vakti þingið til umhugsunar um rekstur og tilgang UMSK. Hann varpaði því næst fram fyrirspurn til stjórnar varðandi vinnslu á úttekt á hagkvæmni þess að UMSK segði sig úr UMFÍ og félögin fengju beina aðild.

Hafsteinn Pálsson tók til máls og ræddi Landsmótin í sumar og 2007. Hann hvatti til samstöðu um þessi stóru verkefni.

Ingibjörg Bergrós kom því næst í pontu og þakkaði fyrir sig. Fór fögrum orðum um UMSK og það starfs sem á vegum sambandsin væri unnið, Þá þakkaði hún fyrir þann heiður sem henni var sýndur með afhendingu félagsmálaskjaldar. Tók fram hve vel allir væru undirbúnir, skýrslan góð og þakkaði stjórn fyrir góð störf. Þá svaraði hún að hluta til fyrirspurn Eysteins.

Vilborg Guðmundsdóttir formaður blakdeilda HK tók næst til máls. Lagði fram hugmynd að keppni í strandblaki. Tjáði hún þingheimi að strandblak væri í burðarliðnum hjá HK. Hún lagði síðan fram hugmund að keppni í strandblaki á landsmóti.

Kristján Sveinbjörnsson kvaddi sér hljóðs og ræddi allmennt um starfsemi UMSK. Þá skoraði Kristján á UMSK að vinna næsta Landsmót.

Birgir Ari Hilmarsson tók næstur til máls og svaraði fyrirspurn Eysteins varðandi skýrslu, en skýrslan hafði verið send aðildarfélögum í júní 2003. Birgi leist vel á strandblakið og tjáði þinginu að stjórnin hefði setti fram kosningaloforð, um að vinna næsta Landsmót.

Valdimar formaður kvaddi sér hljóðs og fræddi þingheim um að Eysteinn Haraldsson hefði stýrt styta ársþingi UMSK fyrr og síðar. Valdimar varði rekstur skrifstofu UMSK og hélt því fram að skrifstofukostnaður verði ekki lægri nema leggja sambandið niður.

Fleiri kváðu sér ekki hljóðs.

Kosningar

Íngibjörg Bergrós Jóhannesdóttir lagði fram tillögur kjörnefndar um Valdimar Leó Friðriksson sem formann til eins árs.

Samþykkt með lófataki

Því næst gerði hún tillögu um Sævar Kristjánsson og Einar Jóhannsson sem stjórnarmenn til tveggja ára.

Samþykkt með lófataki

Þá lagði hún til að Jónas Már Fjelsted, Svanur M. Gestsson og Margrét Björnsdóttir sætu í varastjórn til eins árs.

Samþykkt með lófataki

Að logum lagði hún til Gunnar Páll Pálsson og Kristján Sveinbjörnsson sem skoðunarmenn reikninga og þeir Hafsteinn Pálsson og Logi Kristjánsson væru skoðunarmenn til vara.


Samþykkt með lófataki

Þingslit


Valdimar Leó Friðriksson tók næst til máls og þakkaði það traust sem honum var sýnt. Hann þakkaði þingfulltrúum góða þingsetu og starfsmönnum þingsins góð störf. Að lokum sleit hann þingi.

Þinggerð rituðu:
Ómar Geir Þorgeirsson og
Sævar Kristjánsson

*Frá 80. ársþingi
UMSK*



*Starfsmenn þingsins
ásamt gjaldkera*



*Valdimar formaður ásamt
Þorsteini Eimarsyni og
Víði Sigurðssyni sem
hlutu silfurmerki á þinginu*



Tillögur samþykktar á 79. ársþingi UMSK

Þingskjal nr. 1**Fjárhagsáætlun 2003****Rekstrartekjur:**

Útbreiðslustyrkur íSÍ	1.300.000
Lottó UMFÍ og íSÍ	23.000.000
Greiðsla frá UMFÍ	750.000
Skattar aðildarfélaga	700.000
Getraunir	800.000
Tjaldleiga	500.000
Aðrar tekjur	350.000
Alls	27.400.000

Rekstrargjöld:

Skrifstofa og rekstur	4.800.000
Þing og sérráð	450.000
Lottó til aðildarfélaga	17.600.000
Afreksmannasjóður	1.950.000
Skattur til UMFÍ	300.000
Gjafir og viðurkenningar	150.000
Kostn. v/ héraðsmóta	350.000
Kostnaður v/landsmóta	1.800.000
Alls	27.400.000

Þingskjal nr. 2

80. Ársþing UMSK... þakkar sveitarstjórnarmönnum fyrir góðann stuðning við íþróttastarf á sambandssvæðinu. Jafnframt minnir þingið á hið mikla forvarnargildi sem íþróttastarf hefur.

Þingskjal nr. 3

80. Ársþing UMSK... samþykkir að skattar aðildarfélaganna verði kr. 40 á félagsmenn 16 ára og eldri og kr. 10 á félagsmenn yngri en 16 ára.

Þingskjal nr. 4

80. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögini til að móta sér skýra forvarnarstefnu ásamt því að vinna skipulega gegn einelti.

Þingskjal nr. 5

80. Ársþing UMSK... hvetur félagsmenn til almennar þáttöku í 24. Landsmóti UMFÍ og 7. Unglingalandsmóti UMFÍ sem haldin verða á Sauðárkróki í sumar.

Þingskjal nr. 6

80. Ársþing UMSK... fagnar því að Kópavogur var valinn sem mótsstaður fyrir 25. Landsmót UMFÍ.

Lög Ungmennasambands Kjalarneßings

1. gr. Heiti og sambandssvæði

Sambandið heitir Ungmennasamband Kjalarneßings, skammstafað UMSK. Sambandsvæðið er Garðabær, Kjósarsýsla, Kópavogskaupstaður, Mosfellsbær og Seltjarnarneskaupstaður.

2. gr. Réttur til aðildar

Rétt til að vera í sambandinu hafa þau ungmenna- og íþróttafélög sem koma til með að vera starfandi á sambandssvæðinu og hafa lög sín í samræmi við lög Ungmennafélags Íslands og Íþróttasambands Íslands og starfa í anda þeirra.

3. gr. Umsókn um aðild

Félag sem óskar inngöngu í sambandið, skal senda skriflega umsókn til sambandsstjórnar UMSK ásamt lögum félagsins, skrá yfir stofnfélaga, félagsmenn og stjórn. Félagið öðlast ekki fulla aðild að sambandinu fyrir en sex mánuðum eftir að sambandsstjórn hefur samþykkt inngönguna er staðfestast skal á héraðspingi.

4. gr. Héraðsping

Sambandið skal árlega halda héraðsping og skal það haldið í febrúar ár hvert og til skiptis hjá sambandsfélögnum. Viðkomandi félag ber allan kostnað af þinghaldinu, annan en ferðakostnað þingfulltrúa. Þó getur sambandsstjórn ákveðið aðra tilhögun með héraðsping, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þing skal boðað með minnst mánaðar fyrirvara. Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir héraðsping skal senda aðildarfélögum með eigi minna en tveggja vikna fyrirvara.

5. gr. Hlutverk héraðspings

Héraðsping úrskurðar reikninga sambandsins, sem skulu miðast við almanaksárið. Það ræðir og gerir tillögur um starfsemi sambandsins. Ef deilur rísa milli félaga sambandsins, ber héraðspingi að úrskurða þær nema deilumál og kærur sem fara ber með samkvæmt dóms- og refsíákvæðum ÍSÍ. Héraðsping ákveður skatt félaganna til sambandsins. Ársskýrslu og skattinn skulu sambandsfélögin senda fyrir 1. apríl ár hvert.

6. gr. Fulltrúar á héraðspungi

Sambandsfélögin kjósa aðalfulltrúa og varafulltrúa á félagsfundum sínum, til að mæta á héraðspungi, einn fyrir hverja 100 eða færri og einn fyrir 50 umfram síðasta hundrað gjaldskyldra félagsmannna 16 ára og eldri. Þó skulu fulltrúar aldrei vera fleiri en 9 frá sama félagi. Stjórmarmeðlimir sambandsins hafa atkvæðisrétt þótt þeir séu ekki kjörnir fulltrúar. Héraðsping er lögmætt, ef löglega er til þess boðað.

7. gr. Réttur til þingsetu

Á héraðspungi hafa aðeins kjörnir fulltrúar og sambandsstjórn atkvæðis-rétt. Auk þeirra eiga rétt til þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:

- a. Fulltrúar ÍSÍ og UMFÍ
- b. Íþróttafulltrúi ríkisins.
- c. Skoðunarmenn reikninga
- d. Meðlimir fastanefnda.
- e. Starfsmenn sambandsins.

Auk þess getur sambandsstjórn boðið öðrum aðilum aðilum þingsetu. Aðeins sá sem er í félagi innan sambandsins er kjörgengur fulltrúi þess á hérað-þingi. Hver fulltrúi hefur eitt atkvæði. Allir þingfulltrúar skulu hafa kjörbréf.

8. gr. Dagskrá héraðsþings

Störf héraðsþings, sem er æðsti aðili UMSK, eru þessi:

1. Þingsetning.
2. Kosning fyrsta og annars þingforseta.
3. Kosning fyrsta og annars þingritara.
4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
5. Skýrsla stjórnar lögð fram.
6. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.
7. Ávörp gesta.
8. Álit kjörbréfanefndar.
9. Staðfesting á aðild nýrra félaga.
10. Umræður um skýrslu stjórnar.
11. Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga
12. Skipað í nefndir til starfa á þinginu, þar á meðal kjörnefnd.
13. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram.
14. Laga- og reglugerðarbreytingar lagðar fram.
15. Aðrar tillögur lagðar fram.
16. Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir.
17. Afgreiðsla á áliti nefnda.
18. Önnur mál.
19. Kosningar, kjörnefnd skilar áliti.
 - a. Kosning formanns.
 - b. Kosning tveggja stjórnarmanna.
 - c. Kosning þriggja manna í varastjórn.
 - d. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara
 - e. Kosning til Íþróttabings skv. lögum ÍSÍ á því ári sem Íþróttabing er halddið.
20. Þingslit.

Ef lægsta atkvæðatala til að ná kosningu fellur á two eða fleiri, skal kjósa um þá á ný, bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum nema um lagabreytingar sé að ræða.

9. gr. Aukaþing

Aukaþing skal halda ef nauðsyn krefur og ef helmingur sambandsaðila óskar þess. Allur boðunar- og tilkynningafrestur til aukaþings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukaþingu eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er láttinn, veikur eða forfallaður á annan hátt. Á aukaþingu má ekki gera laga- eða reglugerðarbreytingar og ekki kjósa stjóm

nema bráðabirgðastjórn, ef meirihlutí kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhaef. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt héraðsþing.

10. gr. Stjórn

Stjórn sambandsins skipa 5 menn. Formaður skal kosinn sérstaklega til eins árs í senn. Aðrir stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára, þó þannig að aðeins skal kosið um tvo árlega. Árlega skal kjósa þrá menn í varastjórn og enn fremur tvo skoðunarmenn reikninga og tvo til vara. Heimilt er stjórninni að skipa starfsnefndir sér til aðstoðar við sérstök verkefni eða ákveða þætti starfsins, telji hún þess þörf.

Skylt er stjórninni að halda fund með formönnum aðildarfélaga UMSK í september eða október ár hvert.

11. gr. Hlutverk stjórnar

Stjórnin stýrir málefnum sambandsins milli þinga og fylgist með starfsemi félaganna. Hún varðveitir sjóði sambandsins og aðrar eignir og leggur fram endurskoðaða reikninga á hverju héraðsþingi. Stjórnin skal setja reglur um allar ferðir á vegum sambandsins.

13. gr. Lagabreytingar

Tillögur til lagabreytingar skal leggja fram í upphafi þings og sé þeim síðan vísað til laganefndar sem skal vera ein af fastanefndum þingsins. Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist sambandsstjórn 15 dögum fyrir sambandsþing og skulu þær þá sendar sambandsaðilum.

14. gr. Atkvæðamagn við lagabreytingar

Héraðsþing getur breytt lögum þessum með 2/3 greiddra atkvæða á héraðsþingi.

15. gr. Gildistaka

Með gildistóku laga þessara falla úr gildi eldri lög sambandsins. Lög þessi taka gildi við samþykki þeirra, enda reynist þau vera í samræmi við lög ÍSÍ og UMFÍ.

Dagsetningar:

- | | |
|-------------------------------------|------------|
| a) Samþykkt héraðsþings UMSK: | 2001-02-08 |
| b) Samþykkt af framkvæmdastjórn ÍSÍ | 2002-05-02 |

Reglugerð um heiðursviðurkenningar UMSK

1. gr. Inngangur

UMSK veitir við sérstök tækifæri einstaklingum eða félögum heiðursviðurkenningar fyrir mikil og góð störf fyrir sambandið. Jafnframt eru árlega veittar viðurkenningar fyrir góðan árangur í íþróttum.

2. gr. Viðurkenningar

1. **Starfsmerki UMSK** skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa af trúnaði mikil og góð störf fyrir sambandið eða aðildarfélögini.
2. **Silfurmerki UMSK** skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa í langan tíma fyrir sambandið eða aðildarfélögini.
3. **Gullmerki UMSK** skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa innan UMSK í langan tíma og gert stórt átak í félagsstörfum innan UMSK.
4. **Heiðursviðurkenning UMSK**, skjöldur, skal veittur þeim, sem ekki eru félagar í UMSK en styrkt hafa eða aðstoðað UMSK og /eða aðildarfélög verulega.
5. **Félagsmálaskjöldur UMSK**, gefinn af Axeli Jónssyni og konu hans Guðrúnu Gísladóttur, skal veittur árlega á ársþingi UMSK til einstaklings sem skarað hefur fram úr í félagsstörfum á liðnum árum.
6. **Afreksbikar UMSK** skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings sem skarað hefur fram úr í íþróttum á liðnu ári.
7. **UMFÍ-bikarinn** skal veita árlega á ársþingi UMSK til hóps sem skarað hefur fram úr í íþróttum á liðnu ári.
8. **Frjálsíþróttabikar UMSK**, gefinn af Dóru Gunnarsdóttur, skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings eða hóps sem skarað hefur fram úr í frjálsíþróttum á liðnu ári.
9. **Sundbikar UMSK**, gefinn af Sundlaug Kópavogs, skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings eða hóps sem skarað hefur fram úr í sundi á liðnu ári.
10. **Fimleikabikar UMSK**, gefinn af Ingvari Árnasyni, skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings eða hóps sem skarað hefur fram úr í fimleikum á liðnu ári
11. **Dansbikar UMSK**, gefinn af Sindra-stál, skal veita árlega á ársþingi UMSK til pars sem skarað hefur fram úr í dansi á liðnu ári.

Reglugerð um sérnefndir UMSK

1. gr. Aðild

Sérnefnd er samstarfsnefnd þeirra sambandsaðila UMSK sem hafa iökendur innan ákveðinnar íþróttagreinar.

2. gr. Stofnun

Sérnefnd skal því aðeins stofnuð að fleiri en einn sambandsaðili innan UMSK eigi iökendur innan viðkomandi íþróttagreinar. Stofnun sérnefndar skal staðfest á ársþingi UMSK og skulu þær síðan skráðar í síðustu grein reglugerðarinnar.

3. gr. Skipun

Sérnefnd skulu skipa einn frá hverjum sambandsaðila þ.e. fulltrúi skipaður af stjórn félagsdeilda íþróttagreinarinnar þar sem um deildaskiptingu er að ræða en annars fulltrúi skipaður af aðalstjórn sambandsaðilans.

4. gr. Verkaskipting

Sérnefndir skulu kjósa sér formann og ritara.

5. gr. Verkefni

Sérnefnd fjallar um sérfraðileg málefni sinnar íþróttagreinar. Hún er fulltrúi sín sér sambands innan UMSK og kemur fram á sviði íþróttagreinar sinnar gagnvart aðilum utan héraðs í samráði við stjórn UMSK. Um önnur mál er hún háð UMSK. Meðal verkefna hennar eru ákvarðanir um héraðsmót og skipulagningu þeirra.

Sérnefnd skal halda yfirlit um starf sitt og skal auk fundargerðar skila skýrslu til stjórnar UMSK í lok hvers árs.

6. gr. Fjármál

Sérnefndum er óheimilt að stofna til fjárskuldbindinga í sínu nafni eða nafni UMSK.

7. gr. Yfirlit um sérnefndir

Eftirfarandi sérnefndir hafa verið stofnaðar innan UMSK:

- Blaknefnd UMSK
- Fimleikanefnd UMSK
- Frjálsíþróttanefnd UMSK
- Golfnefnd UMSK
- Handknattleiksnefnd UMSK
- Hestaíþróttanefnd UMSK
- Knattspyrnunefnd UMSK

Reglugerð um skólahlaup UMSK

Páttökuréttur

Allir nemendur í grunnskólum á sambandssvæðinu sem eru í 4., 5., 6., 7., 8., 9. eða 10. bekk eiga keppnisrétt í Skólahlaupi UMSK.

Hver skóli má senda ótakmarkaðan fjölda keppenda í hverjum aldursflokki. Kept skal í bæði einstaklings- og sveitakeppni pilta og stúlkna. Sex skipa hverja sveit og er heimilt að senda fleiri en eina sveit. Í stigakeppni sveita teljast einungis þeir skólar sem senda fullskipaða sveit og eru sex fyrstu frá viðkomandi skóla í sveit A, næstu sex í sveit B o.s.fr.

Hlaupið skal að jafnaði fara fram í september, október og haldið á viðurkenndum frjálsíþróttavelli.

Vegalengdir

- 4. bekkur 400 metrar
- 5. bekkur 400 metrar
- 6. bekkur 800 metrar
- 7. bekkur 800 metrar
- 8. bekkur 800 metrar
- 9. bekkur 1500 metrar
- 10. bekkur 1500 metrar

Stigagjöf

Veitt skulu stig eftir röð keppenda í mark, eins og tilkast í útreikningum við viðavangshlaup. Þ.e.a.s. að sá fyrsti fær eitt stig, annar tvö, þriðji þrjú o.s.fr. Einungis skulu veitt stig til þeirra sem eru með sveitir. Sú sveit sem hefur fæst stig telst sigurvegari.

Verðlaun

Veitt skulu einstaklingsverðlaun til þriggja fyrstu í hverjum árgangi, bæði pilta og stúlkna. Þá skulu veitt sérvverðlaun fyrir sigur í sveitakeppni í hverjum árgangi, þ.e.a.s. samanlagður árangur pilta og stúlkna.

Þá skulu veitt sérvverðlaun þeim skóla sem er með bestu páttökuna í skólahlaupinu í hlutfalli við nemendafjölda í þessum árgögum. Allir hljóta viðurkenningu fyrir páttökuna.

Reglugerð um skiptingu á Lottó

15 % Renna til sambandsins

85 % Renna til aðildarfélaga samkvæmt eftirfarandi skiptingu (skipt upp í 100 %):

10 %Renna jafnt til félaga með ungingastarf

20 %Er skipt samkvæmt félagatali innan viðkomandi sveitarfélags eftir að úthlutað hefur verið sameiginlega til allra félaga í sveitarfélagini miðað við íbúafjöldoa þess. Tvöfalt vægi er á félagsmenn yngri en 16 ára.

40 %Er skipt samkvæmt félagatali innan UMSK. Tvöfalt vægi er á félagsmenn yngri en 16 ára.

10 %Renna í Afreksmannasjóð UMSK

20 %Er skipt samkvæmt ákvörðun stjórnar UMSK.



Ungmennasamband Kjalarnesþings



DÍK



Vogur

